



## Lubbi finnur málbein

Lubbi er íslenskur fjárhundur sem langar til að læra að tala en þá þarf hann að læra öll íslensku máhljóðin. Það sem hundum finnst best er að naga bein og er Lubbi engin undantekning. Þess vegna líta máhljóðin út eins og bein sem Lubbi nagar og lærir þannig smátt og smátt að tala. Hann þarf hins vegar góða aðstoð við að læra máhljóðin og ætla krakkarnir að aðstoða hann með söng og ýmsum öðrum æfingum.

Markmið okkar á Vallarseli er að tengja Lubba og læsi við alla þætti Aðalnámskrár leikskóla, sem eru; læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð en með leikinn að leiðarljósi sem námsleið barna

Lubbi hefur sín föstu hlutverk í daglegu starfi leikskólans. Hann tekur þátt í allskonar viðburðum, fer í heimsóknir heim til barnanna, tekur þátt í lestri, hann fer með börnunum í gönguferðir til að skoða náttúruna og nærumhverfið, ásamt því að hann er ávallt með í Lubbastund þar sem börnin kenna honum máhljóðin.

### Sérstaða Lubbaefnisins

Lubbaefnið er byggt á hnitmiðaðri rannsóknar- og þróunarvinnu höfunda til margra ára.

Notkun táknrænna hreyfinga fyrir hvert máhljóð gerir hljóðin nánast sýnileg og áþreifanleg.

Táknrænu hreyfingarnar eru íslensk hugsmíði höfunda og hafa mikla sérstöðu þegar tekið er mið af sambærilegu efni í alþjóðlegu samhengi.

Byggt er á „hljóðanámi í þrívídd“ hugmyndafræðilegri nálgun sem höfundar hafa þróað og felur í sér samþættingu skynleiða; sjón-, heyrn- og snertiskyns sem auðveldar og hraðar tileinkun hljóðanna og vistun þeirra í minni.

Áherslur á brúarsmíð á milli máhljóða og bókstafa með stuðningi táknrænu hreyfinganna. Lubbi er sannkallaður brúarsmíður.

Sérstök áhersla er á hljóðavitund sem liggur til grundvallar umskráningu sem er forsenda lestrafærni

- Áhersla á hljóðtengingu með stuðningi málbeina.
- Tengsl við íslenska náttúru og staðhætti
- Vísur fyrir hvert máhljóð eftir Þórarinn Eldjárn